



UMHVERFISSTOFNUN

**Tillaga að starfsleyfi fyrir
Hringrás hf.
- móttökustöð á Akureyri -**

Guðmundur B. Ingvarsson

Opinn kynningarfundur

Borgum, Akureyri

21. júlí 2010



Yfirlit

1) Hvað er starfsleyfi?

- Markmið laga og reglugerða sem starfsleyfi byggja á.
- Innihald starfsleyfis.
- Ferill starfsleyfisveitingar.

2) Hringrás hf.

- Starfsleyfisumsókn Hringrásar
- Ákvæði starfsleyfistillögu.





Hvað er starfsleyfi?

- Ákvörðun Umhverfisstofnunar eða viðkomandi heilbrigðisnefndar í formi skriflegs leyfis þar sem heimilaður er tiltekinn atvinnurekstur að uppfylltum skilyrðum.
- Skilyrðin eiga að stuðla að verndun umhverfisins með því að setja starfseminni ramma varðandi umfang, aðbúnað, starfshætti og mengunarvarnir. Mæla einnig fyrir um eftirlit með mögulegri mengun.



Hvað er starfsleyfi?

- Gefið út í samræmi við:
 - Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
 - Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
 - Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
 - Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
 - Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.
 - Reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja.



Markmið löggjafar

- Markmið áðurnefndra laga og reglugerða:
 - Að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði.
 - Að koma í veg fyrir og draga úr mengun frá atvinnurekstri.
 - Að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið.
 - Að tryggja rétta meðhöndlun spilliefna þannig að þau valdi ekki mengun.
 - Að stuðla að endurnotkun og -nýtingu úr sér genginna ökutækja til að draga úr förgun úrgangs.



Innihald starfsleyfis

- helstu atriði -

- Lýsing á starfsemi.
- Ákvæði um starfshætti.
- Ákvæði um mengunarvarnir.
- Ákvæði um vöktun og eftirlit.
- Ákvæði um losunarmörk fyrir mengunarefni.





Ferill starfsleyfisveitingar

- Rekstraraðili sækir um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.
- Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfistillögu og tekur mið af umsögnum frá heilbrigðisnefnd og fleiri aðilum.
- Starfsleyfistillaga er auglýst opinberlega í 8 vikur. Hver sem er getur gert skriflegar athugasemdir við tillöguna.
- Umhverfisstofnun hefur 4 vikur til að taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis.
- Ákvörðunin er kæránleg til umhverfisráðherra innan tveggja vikna.



Starfsleyfisumsókn Hringrásar hf.

- Umsókn um starfsleyfi barst Umhverfisstofnun 11. des. 2009 og viðbætur, breytingar og fylgiskjöl bárust 6.-26. jan. 2010.
- Sótt var um starfsleyfi fyrir móttöku og meðhöndlun brotamálma, spilliefna og hjólbarða.
- Starfsemin telst tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum. Var hún tilkynnt 14. jan. 2010 og 3. mars ákvarðaði Skipulagsstofnun að starfsemin þyrfti ekki í umhverfismat.
- Við gerð starfsleyfistillögu var leitað umsagna Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Slökkviliðs Akureyrar og Skipulagsstofnunar.



Móttökustöð Hringrásar á Akureyri

- Staðsett að Ægisnesi 1.





Ákvæði starfsleyfistillögu

Tillagan skiptist í sjö kafla:

1. Almenn ákvæði.
2. Starfshættir.
3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.
4. Móttaka úrgangs.
5. Innra eftirlit rekstraraðila.
6. Gjaldskylda.
7. Gildistaka.

1. Almenn ákvæði



UMHVERFISSTOFNUN

Umfang starfseminnar:

- Heimilt að taka á móti allt að 3900 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, forvinnslu, pökkunar og geymslu.
- Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að meðhöndla:
 - 200 tonn af spilliefnum.
 - 3200 tonn af málmum.
 - 500 tonn af hjólbörðum.
- Móttaka geislavirks úrgangs er bönnuð.
- Förgun úrgangs er bönnuð.
- Magn brennanlegs úrgangs í geymslu skal aldrei fara yfir 200 tonn.



1. Almenn ákvæði

Eftirlitsaðili:

- Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfseminni.
- Ein reglubundin eftirlitsferð á ári (2. flokkur).
- Viðbótareftirlit ef ástæða er til.

Endurskoðun starfsleyfis:

- Reglubundin endurskoðun á fjögurra ára fresti.
- Umhverfisstofnun er einnig heimilt að endurskoða starfsleyfið ef tilefni er til.



1. Almenn ákvæði

Upplýsingaréttur almennings:

- Almenningsur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunarvarnaeftirlit.

Valdsvið og þvingunarúrræði:

- Fylgi Hringrás ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt þvingunarúrræðum til að knýja fram úrbætur. Úrræðin felast m.a. í áminningu, dagsektum og stöðvun rekstrar.



2. Starfshættir



UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfi og takmörkun aðgangs:

- Lágmarka skal álag sem starfsemin hefur á umhverfið.
- Athafnasvæði skal vera snyrtilegt.
- Athafnasvæði skal girt öryggisgirðingu til að takmarka umferð óviðkomandi og vaktað allan sólarhringinn.
- Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að hann valdi ekki óþrifnaði eða ónæði.

Mengunarvarnir og nýting orku:

- Nota skal bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir, hafi hún verið skilgreind, og skal nýta orku vel.
- Lágmarka skal heildaráhrif mengunar á umhverfið og tryggja víðtæka umhverfisvernd.

2. Starfshættir

Umhverfismarkmið:

- Hringrás skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

Viðbragðsáætlun:

- Útbúin skal áætlun um viðbrögð við hugsanlegri bráðamengun. Skal áætlunin byggjast á áhættumati.

Óeðlilega mikil mengun:

- Berist óeðlilega mikil mengun frá starfseminni út í umhverfið ber Hringrás að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og að hreinsa þá mengun sem orðið hefur, á sinn kostnað.



2. Starfshættir



UMHVERFISSTOFNUN

Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa:

- Verði óhapp eða slys sem getur haft í för með sér mengun skal þegar í stað grípa til aðgerða í samræmi við viðbragðsáætlun.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra um tilfelli þar sem hættu er á bráðamengun eða umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Verklýsingar:

- Hringrás skal útbúa verklýsingar um ýmsa þætti starfseminnar, s.s. um meðhöndlun spilliefna, umgengni um búnað, eftirlit með mengunarvarnabúnaði, viðbrögð við óhöppum og þjálfun nýrra starfsmanna.



2. Starfshættir

Meðhöndlun spilliefna:

- Þar sem spilliefni eru meðhöndluð skal vera bundið yfirborðslag.
- Spilliefni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau berist ekki í fráveitu.
- Spilliefni skulu jafnan geymd innandyra þar sem fráveita er lokuð.
- Sprengifim efni skal einungis geyma í sérstökum sprengiefnakössum eða –gámum.



2. Starfshættir

Meðhöndlun úr sér genginna ökutækja:

- Fyrir hreinsun skulu ökutæki geymd á plani með bundnu yfirborðslagi og fráveitu sem leidd er í sandfang og olíuskilju.
- Upptalning á þeim hlutum og vökvum sem fjarlægja á við hreinsun.
- Spilliefnakör og viðurkenndir geymar skulu vera til staðar til geymslu þeirra hluta og efna sem fjarlægð eru við hreinsun.
- Eftir hreinsun skulu ökutæki geymd með hentugu fyrirkomulagi, aðskilin frá öðrum úrgangsflokkum og ekki nær skemmu en sem nemur 8 metrum.



2. Starfshættir

Meðhöndlun annars úrgangs:

- Málma og hjólbarða skal geyma með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt.
- Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli úrgangsflokka og skal ekki staðsetja úrgangshauga nær skemmu en sem nemur 8 metrum.

Tryggingar:

- Lögð skal fram fullnægjandi ábyrgðartrygging vegna mögulegs bráðamengunartjóns.





3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

Fráveita:

- Í rýmum þar sem meðhöndlun spilliefna eða hreinsun úr sér genginna ökutækja fer fram skal fráveita vera lokuð, þ.e. leidd í söfnunarþró.
- Fráveituvatn frá öðrum rýmum eða plönnum skal leitt í sandfang og olíuskilju áður en það er losað í regnvatnskerfi Akureyrarbæjar.
- Við úttak olíuskilju skal vera búnaður svo hægt sé að loka fyrir frárennslið ef óhapp verður og spilliefni fara í niðurföll.



3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

Söfnunarþró, sandfang og olíuskilja:

- Fráveitukerfi skal vakta og viðhalda í samræmi við verklýsingu og tæma eftir þörfum.
- Ávallt skal vera laust a.m.k. 2 m³ rými í söfnunarþró til að taka við spilliefnum sem kunna að fara niður við óhapp.
- Meðhöndla skal innihald söfnunarþróar í samræmi við efnasamsetningu þess.





3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

Frágangur geyma:

- Allir geymar sem notaðir eru við geymslu spilliefna skulu viðurkenndir og merktir á viðeigandi hátt.
- Óheimilt er að geyma rokgjörn efni í opnum ílátum.
- Geymar skulu staðsettir og varðir þannig að þeir séu stöðugir og verði ekki fyrir hnjaski.

Hávaði:

- Lágmarka skal hávaða frá starfseminni í samræmi við mörk sem koma fram í reglugerð um hávaða.





4. Móttaka úrgangs

Móttaka og skráning úrgangs:

- Skrá skal upplýsingar um spilliefni og annan úrgang sem tekið er við:
 - Magn, tegundir, uppruni, dagsetning móttöku, framleiðandi úrgangs eða söfnunarfyrtæki, vinnsluaðferðir og ráðstöfun.
- Jafnframt skal skrá sérstaklega upplýsingar varðandi úr sér gengin ökutæki sem tekið er við til hreinsunar, í samræmi við reglugerð um úrvinnslu ökutækja.



5. Innra eftirlit rekstraraðila

Skráningar:

- Upplýsingar um spilliefni og annan úrgang sem tekið er á mót.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Rekstur fráveitukerfis, þ.m.t. niðurstöður eftirlitsmælinga.

Skýrslur til eftirlitsaðila:

- Árlega skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar.
- Árlega skal skila grænu bókhaldi.



5. Innra eftirlit rekstraraðila

Eftirlitsmælingar:

- Vakta skal efnasamsetningu fráveituvatns í samræmi við mælingaáætlun í starfsleyfi:
 - Innihald söfnunarþróar fyrir hverja tæmingu.
 - Frárennsli frá olíuskilju einu sinni á ári.
- Ef ástæða þykir til getur Umhverfisstofnun krafist tíðari mælinga en áætlunin mælir fyrir um.
- Ef niðurstöður mælinganna benda ekki til mengunarhættu er heimilt að draga úr mælitíðni.



5. Innra eftirlit rekstraraðila

Losunarmörk:

- Í starfsleyfinu eru gefin losunarmörk sem fráveituvatnið þarf að uppfylla fyrir losun út í regnvatnskerfi Akureyrarbæjar.





7. Gildistaka

Starfsleyfið öðlast gildi við útgáfu.

Það gildir til sextán ára.





Starfsleyfistillaga fyrir Hringrás

Auglýsingatímabili lýkur 18. ágúst nk.

Hægt að nálgast starfsleyfistillögu og starfsleyfisumsókn:

- Í Ráðhúsi Akureyrar, Geislagötu 9.
- Á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
- Eintök af starfsleyfistillögu liggja frammi á fundinum.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og sendar Umhverfisstofnun eigi síðar en 18. ágúst nk.

